Fundir og starfshættir 3.gr. erindisbréfs.

Öldungaráð skal að jafnaði funda þrisvar á ári, í byrjun árs, að vori og að hausti, auk opins fundar árlega með Félagi eldri borgara. Heimilt er að halda einn aukafund á ári ef þörf er á.

Skipulag verkefna (dagskrá) 2024 frá formanni, en þessi þáttur er opinn fyrir aðra ráðsmenn, að koma með aðrar hugmyndir. Það er erfitt að skipuleggja hvern fund, því sum mál eru lengi í vinnslu. Einnig geta komið inn á okkar borð ýmis önnur mál til umsagnar.

Listi yfir ýmis verkefni:

- Kynning starfsemi öldungaráðs:
    - Stofna facebookhóp fyrir ráðið og fá einhvern til að halda utan um síðuna.
    - Við verðum duglegri að koma okkur á framfæri í Bæjarblöðum.
    - Opnir fundir í samvinnu við samstarfsaðila okkar.

- Réttindamál eldra fólks í heilbrigðiskerfinu. Á netinu er fullt af góðum upplýsingum fyrir okkur en um leið frumskógur.
- Samstarf öldungaráða í Kraganum.
- Önnur mál ekki útrædd eða í vinnslu.
- Endurskoða erindisbréf. Vilji er til þess en hver á að gera það?[1)]

[1)] Þegar formenn öldungaráða í Kraganum hittust á síðasta ári kom það í ljós að flest ráðin (nema Kópavogur) höfðu miklu rýmri möguleika að koma saman eða 7-12 fundi á ári. Formaður ræddi við ráðamenn Kópavogs um þetta án árangurs. Endurskoðun erindisbréfs er hins vegar til umræðu.

JAK 17.1.24

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026